

## 5. gr.

Komi til lokunaraðgerða sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.543. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 558.

## 6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald kr.:
Allt að 250 m <sup>3</sup>	73.250
251 - 500 m <sup>3</sup>	73.250 fyrir 250 m <sup>3</sup> + 174,57 kr./m <sup>3</sup> yfir 250 m <sup>3</sup>
501 - 1500 m <sup>3</sup>	116.892 fyrir 500 m <sup>3</sup> + 102,45 kr./m <sup>3</sup> yfir 500 m <sup>3</sup>
1501 - 6000 m <sup>3</sup>	219.342 fyrir 1500 m <sup>3</sup> + 65,73 kr./m <sup>3</sup> yfir 1500 m <sup>3</sup>
yfir 6000 m <sup>3</sup>	515.127 fyrir 6000 m <sup>3</sup> + 51,64 kr./m <sup>3</sup> yfir 6000 m <sup>3</sup>

Lágmarks stofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 55.206. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald.

Mælagrindargjald er 16.698 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.344 kr./m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

## 7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

#### Um skráningarskyldu.

## 1. gr.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisáðgerða. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífssupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

## 2. gr.

Smitsjúkdómar eru skráningarskyldir og þeir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill eru jafnframt tilkynningarskyldir.

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.

## 3. gr.

Læknum er skylt að skrá upplýsingar um smitsjúkdóma á þar til gerð eyðublöð eða með rafrænum hætti samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Sama gildir um forstöðumenn rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Skrá um smitsjúkdóma skal senda sóttvarnalækni mánaðarlega eða oftár ef hann telur þörf á því.

Læknum og hjúkrunarfræðingum er skylt að skrá í sjúkraskrá, samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis, allar ónæmisáðgerðir sem þeir framkvæma. Læknar tilkynna sóttvarnalækni um ónæmisáðgerðir sem gerðar hafa verið.

**Skráningarskyldir sjúkdómar.**

## 4. gr.

Skráningarskyldir sjúkdómar eru:

afbrigðilegar berklasýkingar	lungnabólga
bráður niðurgangur	Lyme sjúkdómur (borreliosis)
condyloma genitalis	matareitrun af völdum sýkla eða eiturfna þeirra
eyrnabólga	mislingar
flatlús	mýrarkalda (malaria)
hálsbólga	njálgur
heilabólga (encephalitis/meningoencephalitis)	psittacosis
heilahimnubólga af völdum sýkla	rauðir hundar
heilahimnubólga af óþekktum toga	ristill (herpes zoster)
hettusótt	skarlatssótt
hlaupabóla	stífkrampi
höfuðlús	streptókokkahálsbólga
inflúensa	toxóplasmasyking
kíghósti	þvagrásarbólga af óþekktri orsök
kláðamaur	

**Tilkynningarskyldir sjúkdómar.**

## 5. gr.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	lekandi
berklar	lifrabólga A
blóðkreppusótt	lifrabólga B
bótúlismi	lifrabólga C
Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lifrabólga E
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lifrabólga vegna annarra veira
gulúsótt	linsæri
HIV-sýking	listeríusýking
holdsveiki	lömunarveiki
hundaæði	meningókokkasjúkdómur
kampýlóbactersýking	miltisbrandur
klamydíusýking	salmonellusýking
kólera	sárasótt
legiónellusýking	svarti dauði

## 6. gr.

Tilkynningu um tilkynningaskyldan sjúkdóm skal senda sóttvarnalækni án tafar. Afrit tilkynningar skal samtímis senda héraðslækni þess héraðs þar sem hinn sýkti dvelst. Sóttvarnalækni er heimilt að fela göngudeildum smitsjúkdóma, sbr. 1.-3. gr. reglugerðar nr. 131/1999 um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklínga, að halda skrá yfir tilkynningaskyld sjúkdómstílfelli.

Á eyðublaði skal m.a. koma fram:

1. Heiti sjúkdóms og greiningarnúmer samkvæmt alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeina-skránni sem er gildandi.
2. Hvenær, hvernig og hvaða sjúkdómsgreining var staðfest.
3. Persónuauðkenni og kyn hins sýkta.
4. Í hvaða læknihéraði hinn sýkti býr, dvalarstaður.
5. Nafn tilkynnanda, læknisnúmer, vinnustaður, undirskrift og dagsetning tilkynningar.

**Gildistaka.**

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er taki gildi 1. mars 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 87 frá 1. janúar 1997 breytist þannig:

1. Taxi C1, rofin daghitun, orkugjald 3,00 kr./kWh.  
Taxi C4, rofin iðnaðarhitun, orkugjald 3,00 kr./kWh.
2. Aðalheimtaug 125 A. verður 100 A.
3. Í kaflanum ýmis ákvæði fellur grein 2 út. Í staðinn kemur:

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá raforkunotendum, ef fassviksstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef fassviksstuðull er lægri en 0,9 er Rafveitunni heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundradshluta sem fassviksstuðullinn er lægri en 0,9.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*